

Bráðabirgðalög

um

innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Ganta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að það hefir verið borið upp fyrir Oss, að nauðsynlegt þyki, til þess að vernda atvinnuveg innlendra síldarúvegsmanna, að leggja sjerstakt bráðabirgðainnflutningsgjald á síldartunnur og efni í slíkur tunnur, vegna mikilla og dýrra síldartunnabirgða, sem til eru í ríkinu frá fyrri árum, þá verðum Vjer af þessari ástæðu og með hlidsjón af, að æskilegt er, vegna hins mikla kostnaðar, sem ríkissjóður hefir haft af ýmsum nauðsynlegum ráðstöfunum vegna heimsstyrjaldarinnar og dýrtíðar þeirrar, sem af henni hefir leitt, að ríkissjóði bætist fje, að telja brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaga samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, um innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar, skal hvort sem hún er í hellu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald og hlutfallslega meira eða minna ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig að mismunur til eða frá undir $\frac{1}{4}$ venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Eunnfremur skal greiða í ríkissjóð 5 króna gjald af hverjum 20 kilógrömmum af efni í síldartunnum, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Ef ágreiningur rís um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að því vndan-skildu, að innheimtulaun skulu vera 2%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vörutollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg 6. mars 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.